STJÓRNARTÍÐINDI A 15 — 1976

6. ágúst 1976. 245 Nr. 95.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á lögum nr. 95 31. desember 1975 um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn bæri til að setja lög um breytingu á 3. gr. laga nr. 95, 31. desember 1975 um álagningu og innheimtu svokallaðs sjúkratryggingagjalds á árinu 1976. Í ljós hefur komið, að skýr ákvæði vantar í lögin um það, hvaða aðili skuli leggja umrætt gjald á og að álag þetta hefur verið lagt á tekjulitla elli- og örorkulífeyrisþega, en það var hins vegar ekki tilgangur laganna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

3. grein laga nr. 95/1975 orðist svo:

Á árinu 1976 skal álagningaraðili útsvars leggja á og innheimta 1% álag á gjaldstofn útsvara og skulu sveitarfélög standa sjúkrasamlögum skil á fyrirframgreiðslu eða hlutfallslegri innheimtu þess mánaðarlega.

Hjá þeim, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu eða áttu rétt á örorkulífeyri á skattárinu skv. lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með áorðnum breytingum, skal lækka álag skv. 1. mgr. sem hér segir:

a. Hjá einstaklingum með tekjur til útsvars kr. 320 000 eða lægri og hjá hjónum með tekjur til útsvars kr. 570 000 eða lægri skal álag þetta alveg falla niður.
b. Hjá einstaklingum með tekjur til útsvars á bilinu kr. 320 100 til kr. 640 000 skal álag þetta lækka um 1% af þeirri fjárhæð, sem á vantar 640 000 króna tekjumark.
c. Hjá hjónum með tekjur til útsvars á bilinu kr. 570 100 til kr. 1 140 000 skal álag þetta lækkað um 1% af þeirri fjárhæð, sem á vantar 1 140 000 króna tekjumark.
d. Eftirstöðvar álags þessa, sem lækkað hefur verið skv. ákvæðum b.- og c. liða skal að lokinni lækkun standa á heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæð en kr. 100 skal sleppt.

Gjald þetta er háð sömu reglum og útsvar varðandi innheimtu og viðurlög.

Við ákvörðun Tryggingarstofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga samkvæmt 49. gr. skal taka tillit til þessa framlags til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

2. gr.

Lög þessi öðast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 6. ágúst 1976.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.